

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2018

2020/EES/6/22

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2228 frá 4. desember 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 55.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32017 R 2228:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2228 frá 4. desember 2017 (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 2), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 55.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/2228, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 55, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.